

# Mælaskipti fyrir Norðurorku

## Tilboðs- og verklýsing - rennslismælar

Óskað er eftir tilboði í mælaskipti á rennslismælum fyrir hitaveitu Norðurorku samkvæmt meðfylgjandi magnskrá og tímaáætlun.

Fyrirtæki sem tekur að sér verkið verður að hafa ábyrgðarmann að verkinu sem er löggiltur pípulagningameistari. Taki pípulagningamaður að sér verkið verður hann að vera löggiltur meistari eða að tryggja að löggiltur pípulagningameistari undirriti yfirlýsingu um ábyrgð sína á verkinu.

Tilboði í verkið skal skila til framkvæmdasviðs Norðurorku í lokuðu umslagi merktu; Norðurorka hf., Framkvæmdasvið, Rangárvöllum, Akureyri (1), nafni verksins (2) og fyrirtæki verktaka (bjóðanda) (3).

**Tilboð skulu hafa borist Norðurorku fyrir kl. 13.00 föstudaginn 24. febrúar 2012.**

Tilboðin verða opnuð í höfuðstöðvum Norðurorku að Rangárvöllum í fundarsal á 4. hæð kl 13.00. föstudaginn 24. febrúar 2012 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

**Norðurorka áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.**

## Verklýsing

Almennt gildir vinnulýsing 4.08.07 úr gæðahandbók Norðurorku um vinnu við mælaskipti.

### 1. Kröfur til verktaka

#### 1.1. Ábyrgð

1.1.1. Verkið skal unnið í umsjá löggilts pípulagninga meistara og ber hann fulla ábyrgð á verkinu og skal undirrita yfirlýsingu þar að lútandi sem fylgja skal tilboði.

#### 1.2. Starfsmenn

1.2.1. Gerð er krafa um að allir starfsmenn sem að vinna verkið hafi a.m.k. 12 mánaða starfsreynslu í pípulögnum.

1.2.2. Starfsmenn verktaka skulu vera snyrtilega til fara í samræmi við verkið og verkstað. Þeir skulu gæta fyllstu kurteisi og umhyggjusemi gagnvart viðskiptavinum verkkaupa og taka tillit til óska þeirra um tímasetningu á framkvæmd verksins. Starfsmenn verktaka fá við upphaf verksins afhend auðkenni sem þeir skulu bera á sér við framkvæmd verksins. Auðkennum skal skilað strax að verktíma loknum.

## 2. Verkskipulag

### 2.1. Framvinda og tímamörk

- 2.1.1. Verkkaupi setur kröfu um lágmarks framvindu verksins og tímamörk því tengt. Mikilvægt er að lágmarks framvinda standist sem og tímamörk þar sem mælar sem teknir eru niður eru sendir í prófun og eftir atvikum endurlöggildir til endurnotkunar. Sé framvinda verksins ekki í samræmi við lágmarks framvindu áskilur verkkaupi sér rétt til að rifta samningnum fyrirvaralaust.

### 2.2. Almenn um vinnu við mælaskipti

- 2.2.1. Mælaskipti skulu fara fram milli kl. 8:00 og 22:00 á virkum dögum og á sunnudögum milli kl. 10:00 og 18:00. Reyna skal eins og unnt er að verða við óskum viðskiptavina um tíma til mælaskipta. Ekki skal skipta um mæla ef aðeins börn eða unglingar eru heima, nema með samþykki skráðs notanda mælisins.
- 2.2.2. Þegar unnið er við mælaskipti í atvinnuhúsnæði skal hafa samráð við forstöðumann um hvenær mælaskipti geti farið fram þannig að starfsemi truflist sem minnst.
- 2.2.3. Ávallt skal skila inn mælum að morgni næsta virka dags eftir að mælar hafa verið teknir niður.

## 3. Umfang og eðli verks

Verkið tekur til mælaskipta á Akureyri og nágrenni. Útbóðið tekur til 15 – 25 mm union mæla.

### 3.1. Vinna við mælaskipti

- 3.1.1. Verktaki fær afhent mælaskiptablöð og skal hann fylla út blöðin með greinilegri skrift og af nákvæmni þannig að fram komi númer nýs mælis og aflestur þess sem niður er tekinn. Niðurtekna mælinn skal setja í kassann undan nýja mælinum og merkja kassann notkunarstað og skila til Norðurorku.
- 3.1.2. Verktaki skal gera sjónrænt mat á ástandi inntaka hitaveitu sem og vatnsveitu. Ef að einhverjir vankantar eru á ástandi svo sem heimtaug hitaveitu óeinangruð inn úr vegg eða vatnsveitu inntak úr stáli skal það skrifað í athugasemdir á mælaskipta blaði.
- 3.1.3. Við mælaskipti skal verktaki taka niður eldri mæli, setja nýjan í hans stað, endurnýja pakkningar og innsigla mælinn. Áður en skrúfað er frá vatninu skal verktaki losa net úr síu, hreinsa og setja í aftur. Sé net illa farið skal setja nýtt. Tappann á síunni þarf síðan að innsigla. Ef ekki er borað gat í tappann skal verktaki skipta honum út fyrir annan sé það mögulegt. Ef skipta þarf um síuhús skal skráð athugasemd um það á mælaskiptablað.
- 3.1.4. Ef á einhvern hátt reynist ómögulegt að skipta um mæli, t.d. vegna bilaðs inntaksloka, skal verktaki skrá ástæðuna á beiðnablað og skila því til eftirlitsmanns. Fyrir slík verkskil er greitt 50% af einingarverði fyrir mælaskipti. Þó ekki ef um léttvæga ástæðu er að ræða að mati eftirlitsmanns, en þá fellur greiðsla niður.

3.1.5. Verði verktaki var við leka með pakkdós á loka skal hann athuga hvort ekki sé nægjanlegt að herða aðeins á pakkdósinni til að þétta lokann. Sé það ekki nægilegt skal skráð athugasemd um lekann á mælaskiptablaðið.

## **3.2. Önnur mælaskipti**

3.2.1. Auk þess að bjóða í mælaskipti samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun þar að lútandi, skal verkkaupa heimilt að óska eftir öðrum mælaskiptum á sömu einingaverðum. Með því er átt við einstök mælaskipti s.s. vegna bilunar eða annars slíks. Skulu slík mælaskipti fara fram innan tveggja virkra daga frá því beiðni kemur fram. Að öðru leyti eiga skilmálar um mælaskipti við þennan lið.

## **3.3. Tímavinna**

3.3.1. Þá skal verktaki gera tilboð í jafnaðarverð á tímavinnu fyrir vinnu sem verkkaupi kann að óska eftir og tengist ekki beint mælaskiptum.

## **4. Efni og verkfæri**

Verktaki fær afhentar innsiglistangir við upphaf verks og skal hann skila þeim að verki loknu. Verktaki ber ábyrgð á hvers konar misnotkun innsiglistanganna. Önnur verkfæri skal verktaki leggja sér til sjálfur.

Verktaki fær afhentan innsiglisvír og blýplúmbur fyrir innsigli. Verkkaupi lætur í té mæla og þakningar og þau tengistykki sem kunna að vera nauðsynleg til að skipta um mæla. Afhending efnis er frá lager veitunnar á Rangárvöllum á venjulegum vinnutíma eða 07:30-15:40 virka daga nema laugardaga. Annað efni er þurfa kann til verksins leggur verktaki sér til sjálfur.

## **5. Skilgreiningar eininga**

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við verkið, svo sem laun og launatengd gjöld, akstur, verkfæri og annar búnaður, skattar o.s.frv.